



EFNI: Mat á tæknistigum fyrir val á JGP 2021 í gegnum myndbands upptökur

Vegna takmarkaðs fjölda gildra móta á tímabilinu 2020-2021 og mismiklu aðgengi skautara að æfingum yfir tímabilið vill Skautasamband Íslands og Afreksnefnd ÍSS gera skauturum kleift að eiga jafna möguleika á vali á Junior Grand Prix mótaröðina 2021.

Allir skautarar sem hafa keppnisrétt í flokki Junior á tímabilinu 2021-2022 og vilja koma til greina sem fulltrúi ÍSS á JGP 2021 þurfa að senda inn upptöku af bæði stuttu og frjálsu prógrammi.

Þegar fresturinn til innsendingar er liðinn mun dómaraþanell sem samþykktur er af ÍSS fara yfir öll innsend myndbönd. Tæknistigin sem gefin verða munu eingöngu gilda fyrir val fulltrúa á JGP 2021.

Skráning skautara

- Skautarar með keppnisrétt og aldurskröfur í flokki Junior á tímabilinu 2021-2022 geta sent inn upptökur
- Eingöngu þeir skautarar sem senda inn upptökur koma til greina við val á JGP 2021
- Senda verður innihaldslýsingu prógramma (PPC) með skráningu
- Skráningar fara fram í gegnum eftirfarandi slóð: <https://forms.gle/gixdiY3ZKpCBHZ9C8>

Frestur til þess að skrá skautara og senda inn upptökur

Skráning opnar 10. apríl 2021. Við skráningu verður sendur til baka tengill þar sem hlaða má inn upptökunum.

Síðasti dagur til þess að senda inn upptökur er **1. maí 2021**.

Ekki er tekið við innsendum upptökum eftir þann dag.

Upptökur sem sendar eru inn

- Eingöngu má senda inn eina upptöku af hverju prógrammi fyrir sig
- Skrá þarf skautara í gegnum auglýsta slóð áður en upptökum er hlaðið inn
- Upptökur mega fara fram hvenær sem er á tímabilinu 10. apríl til 1. maí 2021
En þó þannig að í mesta lagi 72 klukkustundir líði á milli þess sem hvort prógram er skautað.
Dæmi: Ef eitt prógram er tekið upp að morgni þann 15. apríl skal seinna prógrammið vera tekið upp eigi síðar en að morgni þann 18. apríl.
- Skautarar sýna dagsetningu og tíma með því að halda síma fyrir framan upptökuvél

Hvernig upptökum skal hagað

- Upptökuvél skal vera á þrífót og í hækkaðri stöðu. Best væri ef hún er staðsett á svipuðum stað og tækni-/dómaraþanell er vanalega á mótum.

- Ef notast er við **síma** eru eingöngu upptökur sem teknar eru upp í «**landscape**» samþykktar. Og passa þarf að sími sé stilltur á «airplane mode»
- Upptökuvél verður að vera á einum stað allan tímann
- Nota skal «zoom» þegar skautari er á hinum enda skautasvellsins
- Ganga skal úr skugga um að tónlist sé skýr á upptökunni
- Full lýsing þarf að vera á ísnum við upptöku
- Eingögnu er tekið við upptökum á forminu .mp4
- Upptökur skulu merktar fullu nafni skautara ásamt því prógrammi sem á við
Dæmi: SP_Jóna Jónsdóttir / FS_Jóna Jónsdóttir

Þegar upptaka fer fram

Ef sími eða spjaldtalva er notuð verður upptakan að vera í «landscape». Fylgið þessum leiðbeiningum:

1. Farið í Settings – Camera – Record Video fyrir iPhone eða opnið myndavélar appið í Android, veljið “Camera settings” og veljið “Rear Video Size” resolution 1080 at 60 fps.
2. Veljið 1080p at 60p
3. Stillið á «airplane mode»
4. Gangið úr skugga um að nægt minni sé laust á símanum fyrir upptöku. Við mælum með að minnsta kosti 2GB séu laus.
5. Hreinsið linsuna á myndavélinni.